

ÖSKUR!

3.tbl. Október 2009

MÁLGAGN ÖSKRU! – HREYFINGAR BYLTINGARSINNAÐRA STÚDENTA

www.oskra.org / oskra@oskra.org

Málaliðar í Háskóla Íslands

Að undanfögnu hafa erindi um umhverfismál verið tíð við Háskóla Íslands. Nokkuð hefur verið fjallað um loftslagsbreytingar og rætt hefur verið um hugsanlegar lausnir í þeim efnum sem og á öðrum umhverfisvandamálum. Hingað til lands hafa m.a. vel þekktir einstaklingar lagt leið sína og flutt erindi tengd þessum málum sem og öðrum.

Í Apríl á síðasta ári kom Al Gore til Íslands og stóð ásamt Glitni fyrir uppistandi í Háskólabíói, umkringdur Glitnisvatni í plastflöskum og Viðskipta- blaðinu og síðasta vor kom John Perkins í tengslum við frumsýningu á kvikmyndinni Draumalandið. Báðir endurtóku þeir orð á borð við *endurnýjanleg orka, hreint, grænt, friðsamt, sanngjarnt* og þar fram eftir götunum. Þeir þvertóku fyrir að hið kapítalíska kerfi og valdapýramídi siðmenningarinnar séu vandamál; þvertóku fyrir að þetta séu hindranir sem standa í vegi fyrir að hægt sé að framkvæma eitthvað raunverulegt byggt á fyrrnefndum faguryrðum.

Í september mánuði kom svo enn einn málaliðinn til landsins, Dr. Rajendra K. Pachauri. Hann hélt erindi um loftslagsbreytingar.

Pachauri setti loftslagsbreytingarnar upp í númerum, töflum og gröfum og veit eflaust vel hvað hann syngur þegar kemur að tölum. En hættan sem steðjar að plánetunni og vistkerfum er ekki númer eða graf. Skemmdarverk mannsins gagnvart plánetunni eru ekki vísindalegar getgátur eða staðhæfingar. Þau eru sýnileg. Þau eru mengað vatn, einkavætt vatn, uppþornaðar vatnsuppsprettur. Þau eru ónýtir skógar, einkavæddir skógar, leifar skóga. Og það þarf enga tölfræði til að sýna fram á þessi skemmdarverk, hver ber ábyrgð á þeim og hvað hægt sé að gera til að koma í veg fyrir að þau haldi áfram.

Það er hins vegar hinum ráðandi öflum í hag að tefla vandamálunum fram sem erfiðri tölfræði og líkönum. Þannig getur almenningur ekki komið sér inn í þessar tölfræðilegu staðreyndir. Hann skal bara halda áfram að sinna auðveldu hlutverki sínu sem neytandi.

Og það var einmitt það sem hinn virti Dr. Pachauri sagði fólki að gera í fyrirlestraral Háskólans. Hann ásamt Al Gore og mörgum fleiri gengst undir þá hugmynd að við mannfólkið séum fyrst og

fremst neytendur. Að við tengjum okkur frekar við stórmarkaðinn heldur en náttúrulegt umhverfi okkar. Því er okkur sagt að skipta um ljósaperur, borða minna kjöt og fara í styttri sturtur. Það er alveg rétt að þörf er á lífsstílsbreytingum. En breytingin sem þörf er á nær yfir allan kúltúr okkar, ekki eina og eina manneskju. Hin svokölluðu lífsgæði Vesturlanda og ríkari hluta suðursins eru plánetunni skaðleg. Einkabíllinn og farsímarnir, ein fartölva á mann, kjötátið, plastpakkaði maturinn, einnota umbúðirnar, matur og vörur fluttar heimshorna á milli – allt er þetta eitthvað sem plánetan og lífkerfi hennar geta ekki borið. En með því að setja alla ábyrgð á neytandann og telja honum trú um að með því að gera örlitlar lífsstílsbreytingar reddi hann málunum, tekst valdinu að halda fólki uppteknu við skaðlegan lífsstíl sinn á meðan þessi menning heldur áfram taumlausri árás á plánetuna.

Sama þó við neytum "grænt" þá er framleiðslan ennþá í raun stærra vandamál. Framleiðslan og neyslan. Þessi vandamál verða ekki leyst með því að breyta neyslu- eða framleiðsluvenjum, en halda framleiðslunni samt sem

áður áfram af því magni sem hingað til hefur viðgengist. Þau verða ekki leyst með einstaka neyslubreytingum örfárra einstaklinga. Nei, það þarf að snúa þessari menningu á hvolf.

Nánast allt í málflutningi Pachauri – fyrir utan tölfræðina auðvitað – var í anda grænþvegins lyga-áróðurs stórfyrirtækja og ríkisstjórna heimsins. Hann fjallaði um nokkur af helstu áhyggjuefnum sínum varðandi hnattræna hlýnun jarðar, m.a. vatnsskort hinna fátæku, án þess að gera til þess minnstu tilraun að grafa eftir raunverulegum ástæðum vatnsskorts; án þess að viðurkenna að einkavæðing vatns – sem m.a. er notuð af kapítalístum í lygaherferðum þeirra til stöðvunar loftslagsbreytinga – er ein helsta ógn við aðgengi fólks að hreinu drykkjarvatni. Að öll framleiðslan á drasli, þ.m.t. rafmagns-

bílunum og farsímunum sem hann talaði svo fallega um, mengar vatn og vatnssuppsprettur. Auðvitað ekki. Hann fær ekki borgað fyrir að segja sannleikann heldur fyrir að gera tilraunir til að fegra ljótleikann. Hann er ekki talsmaður fólksins, annara íbúa þessarar jarðar eða jarðarinnar yfir höfuð. Hann er talsmaður valdsins.

Fyrir ræðu sína hlaut hann ótrúleg fagnaðarlæti viðstaddra. "Thank you mister, thank you..." sögðu gestir og óskuðu svo eftir frekari grænþvegnum lygum. Þegar einn gesta gagnrýndi svo málflutning Pachauri, sagði hann vera málaliða kapítalismans og benti á hversu mikil hræsni væri fólgin í því að tala um sjálfbærni og áframhaldandi uppbyggingu á sama tíma, var hann beðinn um að vera heima hjá sér og sína gestinum virðingu. Því þannig er jú

háskólasamfélagið – samfélag frjálsrar og gagnrýnnar hugsunar – að kurteisi skiptir meira máli en að beita gagnýnni hugsun og ögra viðteknum gildum og yfirgnæfandi skoðunum elítunnar.

Lotningin gagnvart Pachauri og viðbrögðin við gagnrýnni sýndu fram á alvarleika valdapýramída þessarar menningar; hvernig fólk án nokkurar sýnilegrar eða skýrrar hugsunar ber bókstaflega óttablandna virðingu fyrir einstaklingum í skjóli stöðu þeirra. Vegna þess að Pachauri situr í þessari stöðu verðum við að hlusta á hann og sýna honum kurteisi umfram allt. Vegna þess að hann kemur hingað undir verndarvæng hins svokallaða forseta verðum við að sýna honum virðingu, burtséð frá því hversu uppfullur af kjaftæði fyrirlestur hans er. Það er því víst ljóst að valdið er ofar öllu.

Öskra! kynnir - COP15: Reclaiming power from below

Pachauri verður í fremstu víglínu á COP-15 loftslagsráðstefnu S.Þ. í Kaupmannahöfn í desember nk. Þar sem svokallaðir þjóðarleiðtogar heimsins og forsvarsmenn stórfyrirtækja ætla sér að „leysa“ loftslagsvandann með lausnum á borð við kaup og sölu á mengunarkvótum, einkavæðingu vatns og skóglendis – allt eftir uppskrift kapítalismans. Þar verður almenningi talið í trú um að lausnin felist í grænum kapítalisma og að þau „lífsgæði“ sem við búum við þurfi alls ekkert að dvína, heldur einungis grænka.

Kaupmannahöfn verður suðupottur hugmynda og aðgerða, bæði af hálfu yfirvalda en einnig frá okkur fólkinu sjálfu. Þær lausnir sem ráðamenn og stofnanir vinna að eru ekki raunverulegar lausnir því þær miða allar að viðhaldi á ósjálfbæru kapítalísku hagkerfi. Ýmsir hópar og einstaklingar munu koma saman í Kaupmannahöfn og skapa vettvang þar sem við fólkið hættum að vera neytendur að opinberum stefnum og endurheimtum umhverfi okkar. Öskra! verður með kynningu á COP-15 og nauðsynlegum aðgerðum gegn umhverfisvandamálum og þeim félagslegu áhrifum sem þau leiða af sér. Ætlunin er að kynna m.a. Climate Justice Action (CJA) og það grasrótastarf, hreyfingar og hugmyndir sem stefnt er til Kaupmannahafnar í desemberverður. Kynningin fer fram mánudaginn 12. október kl. 16 í stofu 102 í Lögbergi.

www.climate-justice-action.org

www.oskra.org/ oskra@oskra.org